STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1997

17. apríl 1997 493 Nr. 252

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 589, 19. nóvember 1996, um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

1. gr.

Við 1. gr. bætist málsgrein er orðist svo: Heimilt er þó frá og með 22. apríl 1997 að stunda rækjuveiðar á ofangreindu svæði, enda sé rækjuvarpan búin smárækjuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar frá 17. apríl 1997, um gerð og búnað smárækjuskilju og Landhelgisgæslunni sé tilkynnt um veiðarnar með þeim hætti sem þar segir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðlögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

17. apríl 1997 Nr. 253

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smárækjuskilju.

1. gr.

Smárækjuskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka rækju eftir stærð í vörpunni, þannig að smárækja skiljist lifandi úr vörpunni. Smárækjuskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef rækjuveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smárækjuskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smárækjuskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

B 35
Gutenberg

3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar með smárækjuskilju á svæði þar sem notkun hennar er áskilin í reglugerð, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar, ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst., áður en veiðar hefjast. Ennfremur skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax þegar veiðum á svæðinu er hætt.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81., 31 maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

VIÐAUKI 1

Tegund skilju - Húsavíkurskilja.

Lýsing á skilju:
Húsavíkurskilja er stálgrind, ýmist ferhyrnd eða sporöskjulaga. Rimlar eru festir við neðri ramma grindarinnar og við þverrimil ofarlega á skiljunni, en milli hans og efri ramma grindarinnar er op, að hámarki 50 cm. Bil milli rimla er a.m.k. 7 mm neðst, og a.m.k. 9 mm efst, miðað við meðaltal 10 mælinga.

Skiljan skal vera staðsett í belg vörpunnar, aftan við seiðaskilju og skal fínriðin nettrekt vera framan við smárækjuskiljuna, verði því við komið.

Rimlar grindarinnar liggja samsíða belg vörpunnar. Skiljunni er komið þannig fyrir að neðri hlutinn er fremstur og hún hallar aftur í u.þ.b. 45°. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Frá efri enda rimlanna er sérstakur smáriðinn leiðari, sem beinir smárækju niður um op á undirbyrði vörpunnar þannig að hún fari ekki aftur í poka.

VIÐAUKI 2

Tegund skilju - ICEDAN

Lýsing á skilju:
ICEDAN skiljan er bæði seiðaskilja (sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 303/1995, um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar) og smárækjuskilja. Um er að ræða tvær stálgrindur. Smárækjuskiljan sem er styttri en seiðaskiljan er fest aftan við seiðaskiljuna þannig að lengra bil er frá efri brún smárækjuskilju að seiðaskilju, en á milli neðri brúna skiljanna. Rækja og annað sem fer í gegnum hana lendir á smárækjuskiljunni, þar sem smárækja og annað smátt fer í gegn og þaðan út úr vörpunni, en stærri rækja rennur upp grindina og aftur í poka. Bil milli rimla er a.m.k. 7 mm neðst, og a.m.k. 9 mm efst, miðað við meðaltal 10 mælinga.

Skiljan er staðsett í belg vörpunnar, og skal fínriðin nettrekt vera framan við skiljuna.

Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Skiljunni er komið þannig fyrir að neðri hlutinn er fremstur og hallar seiðaskiljan aftur í u.þ.b. 55°. Smárækjuskiljan hallar þá u.þ.b. 35°. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Undirbyrðið er fest upp í efri brún smárækjuskiljunnar, þannig að ekkert net hindrar smárækju eða annað sem fer í gegnum grindina í að komast frá veiðarfærinu.